



Fjölbrotaskóli
Suðurlands
Vorönn 2019

HÖNN1FH05 Fatahönnun og saumur

Kennari:	Helga Jóhannesdóttir	Sk.st.	HJ
-----------------	-----------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Nemendur vinna með grunnsnið og læra einfaldar sniðabreytingar. Nemendur laga snið að vexti, sauma einfaldar flíkur og máta. Kennd eru grunnformin á líkamanum og einnig flatar teikningar. Nemendur vinna nokkrar prufur í saumtækni. Vettvangsferðir og sýning á verkefnum nemenda.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Uppbyggingu grunnsniða
- Sniðhlutum, þráðlínu og mikilvægi merkinga
- Notkun grunnsniða
- Saumur á einföldum flíkum
- Verklýsingum og flötum teikningum
- Saumtækni
- Útreikningum á efnismagni
- Vönduðum vinnubrögðum

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Vinna ýmsar sniðútfærslur út frá grunnsniðum
- Nota heiti sniðhluta og nota merkingar
- Útfæra og sníða flíkur eftir málum
- Fara eftir verklýsingum
- Geta sett hugmyndir sínar á blað
- Leggja snið á efni þannig að þráðlína sé rétt og efnið nýtist vel

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna sjálfstætt einfaldar sniðútfærslur út frá grunnsniðum
- Sauma einfaldar flíkur eftir grunnsniðum og eigin útfærslum
- Vinna eftir verklýsingum
- Ákveða efnismagn
- Viðhafa vönduð vinnubrögð

Námsefni:

Bækur og blöð á sviði hönnunar, handverks og textíls í FSu. Ljósrit og efni af alneti.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	janúar	Kynning og skipulag Hugmyndavinna og undirbúningur	Vinumöppugerð Alklæðnaður hannaður
2 - 12	jan. til mars.	Tilraunavinna með pappír og textíl	Prufugerð - saumur Möppuvinna
10 - 14	mars til maí	Framleiðsla og frágangur á flík, allt eftir umfangi Vettvangsferð skipulögð saman Sýning eða kynning skipulögð	Vettvangsferð Sýn. eða kynning Mat unnið jafnóðum út frá dagbók hópanna

Sérreglur áfangans:

1. Vinnumappa merkt og myndskreytt í takt við innihald. Mappan sé ávalt til taks á vinnuborði ásamt ritföngum, efnivið og áhöldum verkefna hvers tíma.
2. Nemandi sinni símati vikulega í samvinnu við kennara: Innlögn 1 x í viku, verkefnaskil 1 x í viku. Samráð við kennara um heimaverkefni og persónulegt vinnulag.
3. Samvinna um vinnu í forgangshóp og sjálfstæðishóp
4. Öllum verkefnum áfangans séu gerð skil í vinnumöppu jafnóðum.
5. Efnisgjald, kr. 7.000 skal greiddast á skrifstofu skólans sem fyrst. Innifalið í efnisgjaldi er að mestu efni í vinnumöppu, prufur og prufuflík, ásamt afnotum

af textíllager og afnot af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Hönnunardeild FSu. hefur yfir að ráða.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Símat og leiðsagnarmat í öllum þáttum námsins	Samvinna kennara og nemenda við sameiginlegt matsblað hópsins. Tilraunavinna við gerð leiðsagnarmats. Megin þættir áfangans eru: Gagnasöfnun, úrvinnsla, mótun prufuflíkur og/eða tilraunavinna með eigin hönnun, auðskilin vinnulýsing samin jafnóðum, fullunnin flík/nytjahlutur, frágangur og markaðssetning (þátttaka í sýningu í annarlok).	100%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar